

Borgarráð 5. maí 2022 - Tillaga borgarráðsfulltrúa Vinstri grænna um að Reykjavíkurborg h ætti að innheimta leiksskólagjöld MSS22050056

Verðbólga hefur hækkað verulega að undanfögnu og hefur Seðlabankinn brugðist við með hækkun stýrivaxta. Þetta leggst þyngst á foreldra með börn á framfæri. Verkalýðshreyfingin og fleiri aðilar hafa kallað eftir aðgerðum af hálfu stjórnvalda. Reykjavíkurborg er höfuðborg og fjölmennasta sveitarfélag landsins og hefur því skyldu til þess að bregðast við þessu ákalli.

Leiksskólagjöld eru stór útgjaldaliður hjá foreldrum með börn á framfæri. Það liggur því beinast við að Reykjavíkurborg leggi sitt af mörkum við að vinna gegn verðbólgu og verja foreldra barna fyrir neikvæðum áhrifum hennar og vaxtahækkana með því að hætta innheimtu leiksskólagjalda.

Fulltrúi Vinstri grænna í borgarráði leggur til að borgarstjóra verði falið að undirbúa að Reykjavíkurborg hætti að innheimta leiksskólagjöld. Öll börn eiga rétt á menntun óháð efnahag foreldra og mun þessi aðgerð færa Reykjavíkurborg nær því að tryggja það og verja börn í borginni fyrir neikvæðum áhrifum verðbólgu og vaxtalækkana.